



ÍSLANDSSJÓÐIR



# Ársreikningur 2012

Íslandssjóðir hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
kt. 690694-2719



## A-hluti

### Ársreikningur Íslandssjóða hf.

|  |    |
|--|----|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 5  |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....                     | 9  |
| Rekstrarreikningur .....                             | 11 |
| Efnahagsreikningur .....                             | 12 |
| Yfirlit um sjóðstreymi .....                         | 13 |
| Skýringar .....                                      | 14 |

## B-hluti

### Ársreikningur verðbréfasjóða

|  |    |
|--|----|
| Rekstrarreikningur .....                   | 21 |
| Efnahagsreikningur .....                   | 22 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign ..... | 23 |
| Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða ..... | 24 |
| Skýringar .....                            | 33 |

### Ársreikningur fjárfestingarsjóða

|  |    |
|--|----|
| Rekstrarreikningur .....                       | 53 |
| Efnahagsreikningur .....                       | 54 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....     | 55 |
| Sérgreind sundurliðun fjárfestingarsjóða ..... | 56 |
| Skýringar .....                                | 61 |



## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og hluti af samstæðu hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem voru í rekstri félagsins. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

### Starfsemin á árinu

Í árslok voru 19 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 114.145 milljónum króna. Þar af eru 15 verðbréfasjóðir með hreina eign að fjárhæð 104.057 milljónir króna og fjórir fjárfestingarsjóðir með hreina eign að fjárhæð 10.088 milljónir króna. Þá stýrir félagið einum sjóði sem skráður er í Lúxemborg.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 258 milljónum króna árið 2012. Eigið fé félagsins nam 1.925 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 153,2% en lögbundið lágmark er 8%.

Á árinu var greiddur út arður til hluthafa sem nam 30% af hagnaði ársins 2011 eða 74 milljónum króna. Stjórn Íslandssjóða leggur til að greiddur verði 75% arður, að fjárhæð 193 milljónir króna, vegna rekstrarársins 2012.

### Helstu atburðir í rekstri félagsins á árinu

Aðalfundur Íslandssjóða var haldinn í apríl 2012 og urðu breytingar á stjórn. Ársæll Valfells lét af störfum og Kristján Björgvinsson, sem setið hefur í varastjórn og endurskoðunarnefnd Íslandssjóða, tók sæti hans í stjórn. Þrír af fjórum stjórnarmönnum eru óháðir og er það í takt við stefnu Íslandssjóða um skipun stjórnar. Einn stjórnarmaður, Steinunn Bjarnadóttir, er háð móðurfélaginu sem starfsmaður þess.

Á árinu var Haraldur Örn Ólafsson ráðinn framkvæmdastjóri Íslandssjóða og tók hann við starfinu í september 2012. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á skipulagi félagsins sem skiptist nú í þrjú svið, sjóðastýringu, safnastýringu og áhættustýringu og innra eftirlit. Jafnframt tók félagið yfir eignastýringu verðbréfasafna einkabankaþjónustu VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka og réð til sín þrjá starfsmenn sem áður höfðu sinnt þeim verkefnum hjá VÍB.

Félagið tók á árinu yfir rekstur og stýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags Byrs. Sjóðirnir eru Skuldabréfasjóðurinn, Alþjóða virðissjóðurinn og Alþjóða vaxtarsjóðurinn, auk Fyrirtækjasjóðsins sem er í slitiferli. Við þessa yfirtöku jukust eignir í stýringu hjá Íslandssjóðum um 2.292 milljónir. Með breytingunni fjölgaði viðskiptavinum Íslandssjóða og býðst þeim nú breiðara vöruúrval en áður. Yfirtakan á rekstri sjóðanna var samþykkt af Fjármálaeftirlitinu þann 14. maí og tók félagið við rekstri þeirra frá 1. júní 2012.

Um 11 þúsund fjárfestar eiga nú hlutdeildarskírteini í sjóðum Íslandssjóða.

Í árslok störfuðu 17 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur ársins 228 milljónum króna.

## Skýrsla stjórnar

Töluverðar sveiflur voru á skuldabréfamarkaði á árinu. Óverðtryggð skuldabréf lækkuðu í verði í upphafi árs en skiluðu góðri ávöxtun á síðari hluta ársins, á meðan þessu var öfugt farið með verðtryggð skuldabréf. Sveiflurnar á markaðnum skýrðust að mestu af mikilli verðbólgu framan af ári sem tók að hjaðna á vormánuðum og hélst nokkuð stöðug seinni hluta ársins. Í ágúst var stór gjalddagi ríkisbréfa og í kjölfarið myndaðist mikil eftirspurn eftir óverðtryggðum bréfum. Að auki var mikil umræða um slæma stöðu Íbúðalánasjóðs á haustmánuðum, en sjóðurinn er stærsti útgefandi verðtryggðra bréfa á markaði hérlandis. Í kjölfar umræðunnar lækkuðu bréf útgefin af sjóðnum í verði.

Árið byrjaði vel á innlendum hlutabréfamarkaði og náði Úrvalsvísitala NASDAQ OMX Iceland hæsta gildi sínu á árinu í maí og hafði þá hækkað um 20% frá áramótum. Þá varð viðsnúningur á þróun hennar og við tók rúmlega fimm mánaða tímabil þar sem ávöxtun var neikvæð. Ávöxtun ársins fór þá niður í 10% en síðustu mánuði ársins hækkaði vísitalan á ný og skilaði 16,5% ávöxtun á árinu. Þrjú ný félög voru skráð á hlutabréfamarkað á árinu og voru félögin þar með orðin 11 á aðalmarkaði Kauphallarinnar. Samhliða fjölgun skráðra félaga á aðalmarkaði Kauphallarinnar og auknum áhuga fjárfesta jókst velta hlutabréfa verulega á milli ára, eða um 40%.

Árið reyndist einnig vera jákvætt fyrir erlenda hlutabréfamarkaði þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður í alþjóðahagkerfinu. Hlutabréfamarkaðir víðsvegar um heim hækkuðu nokkuð fyrstu þrjú mánuði ársins en auknar áhyggjur af versnandi stöðu ríkja Evrópusambandsins orsakaði viðsnúning á þeirri þróun. Áhættusækni jókst þó á ný síðsumars í kjölfarið á aðgerðum Seðlabanka Evrópu og Bandaríkjanna sem stuðluðu að hækkunum á hlutabréfamörkuðum fram til áramóta. Heimsvísitala MSCI hækkaði um 13,2% og S&P500 vísitalan í Bandaríkjunum hækkaði um 13,4%. Þá hækkaði DAX vísitalan í Þýskalandi um 29% og japanska vísitalan Nikkei um 22,9%.

Í árslok voru eignir sjóða í slitameðferð samtals 2.052 milljónir króna. Frá upphafi slitameðferðar sjóðanna hafa verið greiddar út alls 30.006 milljónir króna til hlutdeildarskírteinishafa, 310 milljónir króna árið 2008, 12.346 milljónir króna árið 2009, 10.894 milljónir króna árið 2010, 3.792 milljónir króna árið 2011 og 2.664 milljónir króna árið 2012.

Á árinu fóru fram lokagreiðslur úr peningamarkaðssjóðunum Sjóður 9.1 EUR og Sjóður 9.3 USD. Allir fjármunir þessara tveggja sjóða hafa nú verið innheimtir og greiddir út til hlutdeildarskírteinishafa. Ekki verður því um frekari útgreiðslur að ræða og hefur sjóðunum verið slitið.

Á árinu 2010 hóf Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formlega rannsókn á því hvort kaup nýju bankanna þriggja, þ.e. Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf., á eignum peningamarkaðssjóða við slit þeirra í október 2008 hafi falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilkynnti þann 11. júlí 2012 að það sé mat stofnunarinnar að ákvörðun þáverandi stjórnar Nýja Glitnis (Íslandsbanka), móðurfélags Íslandssjóða, um kaup á verðbréfum af peningamarkaðssjóðum hafi ekki farið í bága við EES samninginn. Í tilkynningu frá ESA kom einnig fram að stofnunin líti svo á að ráðstafanirnar hafi verið nauðsynlegar til að endurbyggja traust á fjármálageiranum. Úrræðin hafi verið nauðsynleg og í samræmi við meðalhóf að því marki að vernda fjárfesta fyrir enn stærra tapi á sparifé sínu.

# Skýrsla stjórnar

---

## Stjórnarhættir og áhættustýring

Vandaðir stjórnarhættir, gagnsæi í vinnubrögðum og traust viðskiptavina er kappsmál stjórnar og starfsmanna Íslandssjóða. Starfsemin lýtur stefnu, reglum og ferlum sem ætlað er að tryggja sem best hagsmuni viðskiptavina.

Stefna Íslandssjóða er að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir. Í takt við þá stefnu eru þrír af fjórum stjórnarmönnum óháðir, bæði félaginu sjálfu, starfsmönnum þess og aðalhluthafa félagsins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að sinna daglegum rekstri félagsins. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að hagsmunir viðskiptavina séu ætíð í fyrirrúmi. Stjórn Íslandssjóða starfar eftir starfsreglum sem settar eru á grundvelli laga um hlutafélög og laga um fjármálafyrirtæki. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef Íslandssjóða, en þær kveða m.a. á um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf og verkaskiptingu. Einnig er kveðið á um að stjórn Íslandssjóða skuli, eigi sjaldnar en árlega, meta störf sín, verklag og starfshætti. Á vegum stjórnarinnar eru starfræktar tvær undirnefndir, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Meðal verkefna endurskoðunarnefndar er mat á innra eftirlitsskerfi félagsins og áhættustýringu, könnun á fylgni við lög og reglur og mat á endurskoðunarskýrslum og öðrum störfum ytri endurskoðenda félagsins.

Stjórnarmenn í Íslandssjóðum gengust á haustdögum 2012 undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins sem lagt er fyrir stjórnarmenn rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Fjármálaeftirlitið leggur sambærilegt mat fyrir stjórnarmenn allra fjármálafyrirtækja og annarra aðila sem heyra undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins. Stjórnarmenn Íslandssjóða voru fyrstu stjórnarmenn rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem Fjármálaeftirlitið kallaði til hæfismats og stóðust allir stjórnarmenn matið.

Á árinu voru haldnir 20 stjórnarfundir, þar af þrír á rafrænu formi. Tveir formlegir fundir voru haldnir í endurskoðunarnefnd. Innri endurskoðun kynnti stjórn og framkvæmdastjóra störf sín á árinu.

Áhættustýring Íslandssjóða er margþætt en meginmarkmið hennar er að fylgjast með áhættu í rekstri félagsins sjálfs og þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem eru í stýringu þess. Reglulega er fylgst með eignum sjóðanna og að þeir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Útreikningur á áhættu- og árangursmælikvörðum er veigamikill þáttur í áhættustýringu og eftirliti. Áhættustýring og innra eftirlit Íslandssjóða sér um skýrslugerð og reglulega upplýsingagjöf til starfsmanna, stjórnenda og eftirlitsaðila. Árlega er framkvæmt mat á helstu áhættuþáttum í rekstri félagsins og ytra umhverfi.

Íslandssjóðir leggja metnað sinn í að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf. Á vefsíðu félagsins, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is), má meðal annars finna ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði, ársskýrslur, reglur um hagsmunaárekstra, reglur um hæfi lykilstarfsmanna, siðareglur, starfsreglur stjórnar og samþykktir félagsins. Þar er einnig að finna verklagsreglur um aðferðafræði við stýringu sjóða, upplýsingagjöf og áhættustýringu og innra eftirlit. Auk þess má finna á vefsíðu félagsins ávöxtunartölur, upplýsingablöð og reglur og útboðslýsingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða félagsins. Íslandssjóðir eru í samstarfi við Kelduna og Creditinfo sem birta upplýsingar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði og samanburð þeirra.

# Skýrsla stjórnar

---

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins á árinu 2012.

Reykjavík, 6. mars 2013

### Í stjórn:



Bolli Héðinsson



Erna Eiríksdóttir




Kristján Björgvinsson



Steinunn Bjarnadóttir

### Framkvæmdastjóri:



Haraldur Örn Ólafsson



# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslandssjóða hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fyrir fjárfestingarsjóði.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreiknings í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós í ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu í ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðanna á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Kópavogur, 6. mars 2013

Deloitte hf.  
  
Páll Grétar Steingrímsson  
endurskoðandi

  
Pálína Árnadóttir  
endurskoðandi



## Rekstrarreikningur ársins 2012

|  | Skýr. | 2012         | 2011         |
|--|-------|--------------|--------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                    |       |              |              |
| Umsýsluþóknun .....                      | 2     | 1.071        | 992          |
| Fjármunatekjur .....                     |       | 72           | 53           |
| Gengismunur .....                        | 2     | 65           | 67           |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b>            |       | <b>1.208</b> | <b>1.112</b> |
| Niðurfærsla vegna verðbréfaeignar .....  |       | 0            | 27           |
| <b>Hreinar rekstrartekjur samtals</b>    |       | <b>1.208</b> | <b>1.139</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                     |       |              |              |
| Laun og annar starfsmannakostnaður ..... | 3     | 228          | 169          |
| Þjónustugjöld til Íslandsbanka hf. ....  | 4     | 610          | 481          |
| Annar rekstrarkostnaður .....            | 4     | 48           | 180          |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>             |       | <b>886</b>   | <b>830</b>   |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>         |       | <b>322</b>   | <b>309</b>   |
| Tekjuskattur .....                       | 5     | (64)         | (62)         |
| <b>Hagnaður ársins</b>                   |       | <b>258</b>   | <b>247</b>   |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir   | Skýr.     | 31.12.2012   | 31.12.2011   |
|--|-----------|--------------|--------------|
| <b>Fjárfestingar</b>                               |           |              |              |
| Verðbréf með föstum tekjum .....                   | 2,7       | 807          | 776          |
| Verðbréf með breytilegum tekjum .....              | 2,8       | 818          | 574          |
| Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum ..... | 2,9       | 151          | 104          |
| <b>Fjárfestingar samtals</b>                       |           | <b>1.776</b> | <b>1.454</b> |
| <b>Kröfur</b>                                      |           |              |              |
| Kröfur á tengd félög .....                         | 10        | 123          | 87           |
| Aðrar kröfur .....                                 |           | 0            | 3            |
| <b>Kröfur samtals</b>                              |           | <b>123</b>   | <b>90</b>    |
| <b>Aðrar eignir</b>                                |           |              |              |
| Handhafabréfs- og handveðsreikningar .....         | 6,10      | 603          | 671          |
| Bankainnstæður .....                               | 10        | 504          | 639          |
| <b>Aðrar eignir samtals</b>                        |           | <b>1.107</b> | <b>1.310</b> |
| <b>Eignir samtals</b>                              |           | <b>3.006</b> | <b>2.854</b> |
| <b>Eigið fé</b>                                    |           |              |              |
| Hlutfé .....                                       |           | 25           | 25           |
| Lögbundinn varasjóður .....                        |           | 6            | 6            |
| Óráðstafað eigið fé .....                          |           | 1.894        | 1.710        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                            | <b>12</b> | <b>1.925</b> | <b>1.741</b> |
| <b>Skuldir</b>                                     |           |              |              |
| Tekjuskattsskuldbinding .....                      |           | 2            | 1            |
| Skuldir við tengd félög .....                      | 10        | 246          | 228          |
| Reiknaðir skattar .....                            | 2,5       | 64           | 60           |
| Handhafabréfs- og handveðsreikningar .....         | 6         | 603          | 671          |
| Aðrar skuldir .....                                | 11        | 166          | 151          |
| <b>Skuldir samtals</b>                             |           | <b>1.081</b> | <b>1.112</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                 |           | <b>3.006</b> | <b>2.854</b> |

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

|  | Skýr. | 2012         | 2011         |
|--|-------|--------------|--------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                            |       |              |              |
| Hagnaður ársins .....                                |       | 258          | 247          |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:     |       |              |              |
| Gengishækkun verðbréfa .....                         |       | (65)         | (67)         |
| Niðurfærsla verðbréfaeignar .....                    |       | 0            | (27)         |
| Verðhækkun krafna .....                              |       | 0            | (20)         |
| <b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>        |       | <b>193</b>   | <b>133</b>   |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum ..... |       | (64)         | (314)        |
| <b>Handbært fé frá rekstri/(til rekstrar)</b>        |       | <b>129</b>   | <b>(181)</b> |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                       |       |              |              |
| Keypt verðbréf umfram seld .....                     |       | (258)        | (50)         |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                        |       |              |              |
| Greiddur arður .....                                 | 12    | (74)         | (65)         |
| <b>Lækkun handbærs fjár</b>                          |       | <b>(203)</b> | <b>(296)</b> |
| Handbært fé í ársbyrjun .....                        |       | 1.310        | 1.606        |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                          |       | <b>1.107</b> | <b>1.310</b> |

## 1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði nr. 128/2011.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Umsýsluþóknunir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða auk fagfjárfestastjóðs Íslandssjóða. Einnig fær félagið umsýsluþóknun fyrir IS SICAV1-Mondo í Luxembourg. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær hlutfallslega þóknun vegna sjóða og eignasafna í stýringu auk árangurstengdrar þóknunar fari árangur þessara sjóða eða eignasafna umfram skilgreind viðmið.

### Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikning þegar krafa um hann myndast.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir í árslok. Stök verðbréf eru metin á markaðsvirði í árslok.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

|  | 2012        | 2011        |
|--|-------------|-------------|
| Laun .....   | 176         | 136         |
| Launatengd gjöld .....   | 52          | 33          |
|  | <b>228</b>  | <b>169</b>  |
| Starfsmenn í árslok .....                                      | 17          | 14          |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu .....                          | 14,8        | 13,4        |
| Launakjör til stjórnenda Íslandssjóða hf. sundurliðast þannig: |             |             |
| <b>Framkvæmdastjóri:</b>                                       | 2012        | 2011        |
| Haraldur Örn Ólafsson .....                                    | 5,4         | 0,0         |
| Agla Elísabet Hendriksdóttir .....                             | 11,8        | 18,6        |
|  | <b>17,1</b> | <b>18,6</b> |
| <b>Stjórn Íslandssjóða:</b>                                    |             |             |
| Steinunn Bjarnadóttir .....                                    | 2,2         | 1,9         |
| Erna Eiríksdóttir .....  | 2,2         | 1,8         |
| Bolli Héðinsson .....  | 2,0         | 1,6         |
| Kristján Björgvinsson .....                                    | 1,7         | 0,0         |
| Ársæll Valfells .....  | 0,6         | 1,6         |
|  | <b>8,7</b>  | <b>6,9</b>  |

## 4. Þjónustugjöld og innri kostnaður

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamning við Íslandsbanka þar sem bankinn tekur að sér sölu og ráðgjöf hlutdeildarskírteina, markaðssetningu, regluvörslu og innri endurskoðun, auk þess að sjá um bókhald, dagleg gengisuppgjör og veita lögfræðiþjónustu. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum. Samtals greiddu Íslandssjóðir Íslandsbanka 629 milljónir króna fyrir þjónustu og annan rekstrarkostnað á árinu 2012.

Íslandssjóðir hafa einnig gert samstarfssamning við Auði Capital, Arctica Finance og Eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka um sölu hlutdeildarskírteina og Kelduna um upplýsingagjöf á sjóðabrettinu [www.keldan.is](http://www.keldan.is).

## 5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 64 milljónum króna.

|   | 2012    |     | 2011    |     |
|---|---------|-----|---------|-----|
|   | Fjárhæð | %   | Fjárhæð | %   |
| Hagnaður fyrir skatta .....                   | 322     |     | 309     |     |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi ..... | 64      | 20% | 62      | 20% |

## 6. Handhafabréfs- og handveðsreikningar

Handhafabréfs- og handveðsreikningar eru tilkomnir vegna innlausnar hlutdeildarskírteina úr verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða sem eru í slitameðferð. Þessar fjárhæðir hafa ekki verið greiddar út vegna þess að eigendur höfðu veðsett hlutdeildarskírteinin eða eru ekki þekktir. Sama fjárhæð er því færð til eignar og skuldar í efnahagsreikningi Íslandssjóða.

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

| Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig: | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|------------|------------|
| Ríkisbréf .....                             | 389        | 345        |
| Íbúðabréf .....                             | 346        | 233        |
| Spariskírteini ríkissjóðs .....             | 72         | 25         |
| Ríkisvixlar .....                           | 0          | 173        |
|   | <b>807</b> | <b>776</b> |

## 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

| Hlutdeildarskírteini greinast þannig:          | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|--|------------|------------|
| Vanguard U.S. Ultra-Short-Term Bond Fund ..... | 185        | 0          |
| IS Hlutabréfasjóðurinn .....                   | 122        | 20         |
| Veltusafn .....                                | 116        | 111        |
| Eignasafn .....                                | 82         | 76         |
| Ríkissafn .....                                | 73         | 113        |
| Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 .....               | 63         | 31         |
| Skuldabréfasafn Íslandssjóða .....             | 58         | 54         |
| Eignasafn - Ríki og sjóðir .....               | 44         | 42         |
| Úrvalsvísitala - Sjóður 6 .....                | 39         | 3          |
| Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 .....          | 33         | 32         |
| Sjóður 1A - skuldabréf .....                   | 2          | 2          |
| Sjóður 11A - fyrirtækjabréf .....              | 1          | 1          |
| Sjóður 9.3 USD .....                           | 0          | 91         |
|  | <b>818</b> | <b>574</b> |

## 9. Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum

| Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum greinast þannig: | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|------------|------------|
| Arion banki hf. ....  | 151        | 104        |
|   | <b>151</b> | <b>104</b> |

Peningamarkaðsinnlán eru reiknuð upp með áföllum vöxtum miðað við árslok 2012.

## 10. Viðskipti við tengd félög árið 2012

|  | Tekjur       | Gjöld        | Kröfur       | Skuldir      |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Íslandsbanki hf. ....                  | 51           | (629)        | 1.140        | (59)         |
| Verðbréfasjóðir Íslandssjóða .....     | 885          | 0            | 75           | 0            |
| Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða ..... | 138          | 0            | 13           | 0            |
| Fagfjárfestasjóður Íslandssjóða .....  | 2            | 0            | 2            | 0            |
| Glitnir hf. ....                       | 0            | 0            | 0            | (187)        |
|  | <b>1.076</b> | <b>(629)</b> | <b>1.230</b> | <b>(246)</b> |



## Skýringar

### 11. Aðrar skuldir

|  | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|--|------------|------------|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða ..... | 135        | 130        |
| Ógreiddur kostnaður og þóknanir .....                                  | 1          | 3          |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld .....                                 | 30         | 18         |
|  | <b>166</b> | <b>151</b> |

### 12. Eigið fé

|                            | Hlutfé    | Lögbundinn<br>varasjóður | Óráðstafað<br>eigið fé | Eigið fé<br>samtals |
|----------------------------|-----------|--------------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1.1.2011 .....    | 25        | 6                        | 1.528                  | 1.559               |
| Greiddur arður .....       |           |                          | (65)                   | (65)                |
| Hagnaður ársins .....      |           |                          | 247                    | 247                 |
| <b>Eigið fé 31.12.2011</b> | <b>25</b> | <b>6</b>                 | <b>1.710</b>           | <b>1.741</b>        |
| Greiddur arður .....       |           |                          | (74)                   | (74)                |
| Hagnaður ársins .....      |           |                          | 258                    | 258                 |
| <b>Eigið fé 31.12.2012</b> | <b>25</b> | <b>6</b>                 | <b>1.894</b>           | <b>1.925</b>        |

### 13. Eiginfjárlutfall

Íslandssjóðir hf. nota staðalaðferð (e. standardised approach) til að reikna eiginfjárförf sína vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu. Eigið fé í lok ársins er 1.925 milljónir kr. eða 64% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 153,2%, en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Samanburðartölur frá fyrra ári hafa verið leiðréttar frá síðasta ársreikningi. Hlutfallið sundurliðast þannig:

|                            | 2012          | 2011          |
|----------------------------|---------------|---------------|
| Eiginfjárfáttur .....      | 1.925         | 1.741         |
| <b>Áhættugrunnur</b>       |               |               |
| Vegna útlánaáhættu .....   | 1.072         | 813           |
| Vegna markaðsáhættu .....  | 185           | 91            |
| Vegna rekstraráhættu ..... | 0             | 0             |
|                            | <b>1.257</b>  | <b>904</b>    |
| <b>Eiginfjárlutfall</b>    | <b>153,2%</b> | <b>192,7%</b> |

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

|  | Inneign /<br>(skuldbinding) |
|--|-----------------------------|
| Staða 1.1.2011 .....                           | 0                           |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2011 ..... | 61                          |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012 .....   | (60)                        |
| <b>Staða 1.1.2012</b>                          | <b>1</b>                    |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2012 ..... | 64                          |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2013 .....   | (63)                        |
| <b>Staða 31.12.2012</b>                        | <b>2</b>                    |

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

|                   | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|-------------------|------------|------------|
| Gengismunur ..... | 2          | 1          |
|                   | <b>2</b>   | <b>1</b>   |





ÍSLANDSSJÓÐIR



Verðbréfasjóðir  
Ársreikningur 2012

Íslandssjóðir hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
kt. 690694-2719



## Rekstrarreikningur verðbréfasjóða ársins 2012

|  | 2012         | 2011         |
|--|--------------|--------------|
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>              |              |              |
| Vextir, verðbætur og arður .....                     | 6.107        | 5.351        |
| Gengismunur .....                                    | 1.579        | 4.194        |
| Vaxtagjöld .....                                     | (153)        | (137)        |
| <b>Hreinar fjármunatekjur samtals</b>                | <b>7.532</b> | <b>9.409</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                 |              |              |
| Umsýslubóknun .....                                  | 885          | 892          |
| Annar rekstrarkostnaður .....                        | 53           | 49           |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>                         | <b>937</b>   | <b>941</b>   |
| <b>Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini</b> | <b>6.595</b> | <b>8.468</b> |

Sundurliðun á rekstrarreikningi er í sérgreindri sundurliðun á bls. 24-25.

## Efnahagsreikningur verðbréfasjóða 31. desember 2012

| Eignir                               | 31.12.2012     | 31.12.2011     |
|--------------------------------------|----------------|----------------|
| <b>Fjárfestingar</b>                 |                |                |
| Verðbréf með föstum tekjum .....     | 91.211         | 94.657         |
| Hlutabréf .....                      | 1.366          | 815            |
| Hlutdeildarskírteini .....           | 1.451          | 847            |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ..... | 10.106         | 10.961         |
| Afleiðusamningar .....               | 0              | 196            |
| <b>Fjárfestingar samtals</b>         | <b>104.134</b> | <b>107.476</b> |
| <b>Aðrar eignir</b>                  |                |                |
| Handbært fé .....                    | 61             | 215            |
| Aðrar eignir .....                   | 74             | 834            |
| <b>Aðrar eignir samtals</b>          | <b>135</b>     | <b>1.048</b>   |
| <b>Eignir samtals</b>                | <b>104.269</b> | <b>108.525</b> |
| <b>Skuldir</b>                       |                |                |
| Hlutdeildarskírteini .....           | 104.057        | 106.009        |
| <b>Aðrar skuldir</b>                 |                |                |
| Skuldir við lánastofnanir .....      | 64             | 0              |
| Skuldir við tengd félög .....        | 96             | 1.059          |
| Afleiðusamningar .....               | 0              | 1.391          |
| Aðrar skuldir .....                  | 52             | 65             |
| <b>Aðrar skuldir samtals</b>         | <b>212</b>     | <b>2.516</b>   |
| <b>Skuldir samtals</b>               | <b>104.269</b> | <b>108.525</b> |

Sundurliðun á efnahagsreikningi er í sérgreindri sundurliðun á bls. 26-30.

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða 2012

|   | Samtals<br>2012 | Samtals<br>2011 |
|---|-----------------|-----------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                     |                 |                 |
| Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini | 6.595           | 8.468           |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                 |                 |                 |
| Seld hlutdeildarskírteini .....               | 19.193          | 15.814          |
| Innleyst hlutdeildarskírteini .....           | (27.977)        | (27.122)        |
| Útgreiðsla úr sjóðum í slitameðferð .....     | (2.028)         | (3.792)         |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>            | <b>(10.811)</b> | <b>(15.101)</b> |
| <b>Lækkun á hreinni eign</b>                  | <b>(4.217)</b>  | <b>(6.633)</b>  |
| Hrein eign í byrjun árs .....                 | 106.009         | 112.642         |
| Hrein eign Byr sjóða 01.06.2012 .....         | 2.265           | 0               |
| <b>Hrein eign í árslok</b>                    | <b>104.057</b>  | <b>106.009</b>  |

Sundurliðun á yfirliti um breytingar á hreinni eign er í sérgreindri sundurliðun á bls. 31-32.

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Rekstur verðbréfasjóða

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Í rekstri    | Í slitaferli | Samtals      |
|----------------------------------|--------------|--------------|--------------|
| Vextir, verðbætur og arður ..... | 5.917        | 189          | 6.107        |
| Gengismunur .....                | 89           | 1.490        | 1.579        |
| Vaxtagjöld .....                 | (153)        | (0)          | (153)        |
| <b>Hreinar fjármunatekjur</b>    | <b>5.854</b> | <b>1.679</b> | <b>7.532</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>             |              |              |              |
| Umsýsluþóknun .....              | 861          | 23           | 885          |
| Annar rekstrarkostnaður .....    | 52           | 1            | 53           |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>        | <b>914</b>   | <b>24</b>    | <b>937</b>   |
| <b>Hagnaður ársins</b>           | <b>4.940</b> | <b>1.655</b> | <b>6.595</b> |

### Rekstur verðbréfasjóða í rekstri

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Ríkis-<br>skuldabréf<br>Sjóður 5 | Úrvals-<br>vísitala<br>Sjóður 6 | Löng<br>ríkissk.br.<br>Sjóður 7 | Heimssafn<br>Sjóður 12 |
|----------------------------------|----------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður ..... | 2.060                            | 1                               | 2.095                           | (4)                    |
| Gengismunur .....                | (188)                            | 57                              | 599                             | 136                    |
| Vaxtagjöld .....                 | (47)                             | (1)                             | (50)                            | (1)                    |
| <b>Hreinar fjármunatekjur</b>    | <b>1.825</b>                     | <b>57</b>                       | <b>2.644</b>                    | <b>131</b>             |
| <b>Rekstrargjöld</b>             |                                  |                                 |                                 |                        |
| Umsýsluþóknun .....              | 311                              | 4                               | 391                             | 10                     |
| Annar rekstrarkostnaður .....    | 18                               | 0                               | 22                              | 0                      |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>        | <b>329</b>                       | <b>4</b>                        | <b>413</b>                      | <b>11</b>              |
| <b>Hagnaður ársins</b>           | <b>1.496</b>                     | <b>53</b>                       | <b>2.231</b>                    | <b>120</b>             |

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Ríkissafn  | Veltusafn  | Eignasafn | Eignasafn -<br>Ríki og sjóðir |
|----------------------------------|------------|------------|-----------|-------------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður ..... | 1.289      | 393        | 13        | 15                            |
| Gengismunur .....                | (563)      | (1)        | 20        | 5                             |
| Vaxtagjöld .....                 | (35)       | (13)       | (0)       | (0)                           |
| <b>Hreinar fjármunatekjur</b>    | <b>691</b> | <b>379</b> | <b>33</b> | <b>20</b>                     |
| <b>Rekstrargjöld</b>             |            |            |           |                               |
| Umsýsluþóknun .....              | 96         | 32         | 2         | 3                             |
| Annar rekstrarkostnaður .....    | 7          | 4          | 0         | 0                             |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>        | <b>103</b> | <b>36</b>  | <b>2</b>  | <b>3</b>                      |
| <b>Hagnaður ársins</b>           | <b>588</b> | <b>343</b> | <b>31</b> | <b>17</b>                     |



## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Lengri skuldabréfasjóðurinn | Alþjóða virðis-sjóðurinn | Alþjóða vaxtar-sjóðurinn | Samtals sjóðir í rekstri |
|----------------------------------|-----------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður ..... | 56                          | (0)                      | (1)                      | 5.917                    |
| Gengismunur .....                | 11                          | 7                        | 6                        | 89                       |
| Vaxtagjöld .....                 | (4)                         | (1)                      | (0)                      | (153)                    |
| <b>Hreinar fjármunatekjur</b>    | <b>63</b>                   | <b>6</b>                 | <b>5</b>                 | <b>5.854</b>             |
| <b>Rekstrargjöld</b>             |                             |                          |                          |                          |
| Umsýsluþóknun .....              | 10                          | 1                        | 1                        | 861                      |
| Annar rekstrarkostnaður .....    | 0                           | 0                        | 0                        | 52                       |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>        | <b>10</b>                   | <b>1</b>                 | <b>1</b>                 | <b>914</b>               |
| <b>Hagnaður ársins</b>           | <b>53</b>                   | <b>5</b>                 | <b>4</b>                 | <b>4.940</b>             |

### Rekstur verðbréfasjóða í slitaferli

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Sjóður 1A  | Sjóður 1B  | Sjóður 11A | Sjóður 11B | Samtals í slitaferli |
|----------------------------------|------------|------------|------------|------------|----------------------|
| Vextir, verðbætur og arður ..... | 63         | 97         | 10         | 19         | 189                  |
| Gengismunur .....                | 561        | 869        | 21         | 39         | 1.490                |
| Vaxtagjöld .....                 | (0)        | (0)        | (0)        | (0)        | (0)                  |
| <b>Hrein fjármagnsgjöld</b>      | <b>624</b> | <b>966</b> | <b>31</b>  | <b>57</b>  | <b>1.679</b>         |
| <b>Rekstrargjöld</b>             |            |            |            |            |                      |
| Umsýsluþóknun .....              | 8          | 13         | 1          | 1          | 23                   |
| Annar rekstrarkostnaður .....    | 0          | 1          | 0          | 0          | 1                    |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>        | <b>8</b>   | <b>14</b>  | <b>1</b>   | <b>1</b>   | <b>24</b>            |
| <b>Hagnaður ársins</b>           | <b>616</b> | <b>953</b> | <b>30</b>  | <b>56</b>  | <b>1.655</b>         |

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Efnahagur verðbréfasjóða

| Eignir                               | Í rekstri      | Í slitaferli | Samtals        |
|--------------------------------------|----------------|--------------|----------------|
| <b>Fjárfestingar</b>                 |                |              |                |
| Verðbréf með föstum tekjum .....     | 90.005         | 1.206        | 91.211         |
| Hlutabréf .....                      | 645            | 721          | 1.366          |
| Hlutdeildarskírteini .....           | 1.451          | 0            | 1.451          |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ..... | 10.106         | 0            | 10.106         |
| <b>Fjárfestingar samtals</b>         | <b>102.207</b> | <b>1.927</b> | <b>104.134</b> |
| <b>Aðrar eignir</b>                  |                |              |                |
| Handbært fé .....                    | 25             | 36           | 61             |
| Aðrar eignir .....                   | 15             | 59           | 74             |
| <b>Aðrar eignir samtals</b>          | <b>40</b>      | <b>95</b>    | <b>135</b>     |
| <b>Eignir samtals</b>                | <b>102.248</b> | <b>2.022</b> | <b>104.269</b> |
| <b>Skuldir</b>                       |                |              |                |
| Hlutdeildarskírteini .....           | 102.039        | 2.018        | 104.057        |
| <b>Aðrar skuldir</b>                 |                |              |                |
| Skuldir við lánastofnanir .....      | 64             | 0            | 64             |
| Skuldir við tengd félög .....        | 94             | 2            | 96             |
| Aðrar skuldir .....                  | 50             | 2            | 52             |
| <b>Aðrar skuldir samtals</b>         | <b>208</b>     | <b>4</b>     | <b>212</b>     |
| <b>Skuldir samtals</b>               | <b>102.247</b> | <b>2.022</b> | <b>104.269</b> |

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri

| Eignir                               | Ríkis-<br>skuldabréf<br>Sjóður 5 | Úrvals-<br>vísitala<br>Sjóður 6 | Löng<br>rikissk.br.<br>Sjóður 7 | Heimssafn<br>Sjóður 12 |
|--------------------------------------|----------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|------------------------|
| <b>Fjárfestingar</b>                 |                                  |                                 |                                 |                        |
| Verðbréf með föstum tekjum .....     | 33.288                           | 0                               | 42.373                          | 0                      |
| Hlutabréf .....                      | 0                                | 505                             | 0                               | 0                      |
| Hlutdeildarskírteini .....           | 0                                | 0                               | 0                               | 721                    |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ..... | 1.157                            | 0                               | 562                             | 0                      |
| <b>Fjárfestingar samtals</b>         | <b>34.445</b>                    | <b>505</b>                      | <b>42.935</b>                   | <b>721</b>             |
| <b>Aðrar eignir</b>                  |                                  |                                 |                                 |                        |
| Handbært fé .....                    | 2                                | 2                               | 0                               | 12                     |
| Aðrar eignir .....                   | 5                                | 0                               | 1                               | 0                      |
| <b>Aðrar eignir samtals</b>          | <b>7</b>                         | <b>2</b>                        | <b>1</b>                        | <b>12</b>              |
| <b>Eignir samtals</b>                | <b>34.452</b>                    | <b>507</b>                      | <b>42.936</b>                   | <b>733</b>             |
| <b>Skuldir</b>                       |                                  |                                 |                                 |                        |
| Hlutdeildarskírteini .....           | 34.402                           | 506                             | 42.891                          | 725                    |
| <b>Aðrar skuldir</b>                 |                                  |                                 |                                 |                        |
| Skuldir við lánastofnanir .....      | 0                                | 0                               | 0                               | 0                      |
| Skuldir við tengd félög .....        | 34                               | 1                               | 40                              | 2                      |
